

**586. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
Þriðjudaginn 8. febrúar 2022
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓP), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 586 lögmætan.

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

1. Óformlegar viðræður um sameiningu sveitarfélaga - 2106168

Minnisblað frá sveitarstjóra dags. 05.02.2022 vegna erindis sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps til sjö sveitarfélaga um ósk um óformlegar viðræður um sameiningu sveitarfélaga lagt fram.

Jafnframt er erindi frá Vesturbyggð dags. 20.12.2021 tekið til umfjöllunar, en þar kemur fram ósk bæjarstjórnar Vesturbyggðar um viðræður við sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps til að ræða sameiningarvilja þessara tveggja sveitarfélaga þegar niðurstöður óformlegrar könnunar Tálknafjarðarhrepps liggur fyrir. Erindið áður lagt fram á 584. fundi sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn þakkar sveitarfélögunum fyrir svör við erindinu en þykir miður að ekki hafi verið meiri vilji til óformlegra viðræðna en raun er.

Sveitarstjórn samþykkir með fjórum atkvæðum að visa erindi Vesturbyggðar til umfjöllunar hjá nýrri sveitarstjórn sem tekur við eftir kosningar í vor.

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir situr hjá við afgreiðslu málsins og ítrekar fyrri bókun sína sem er eftirfarandi:

Þar sem Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð eru nú þegar orðin að miklu leyti eitt atvinnusvæði og mikið samstarf orðið á milli sveitarfélagana tveggja á mörgum sviðum þykir mér fráleitt að leita út fyrir sunnanverða Vestfirði til sameiningar við önnur sveitarfélög sem langt í frá eru nærliggjandi.

Tálknafjarðarhreppur ætti að mínu mati að leita til Vesturbyggðar og þiggja boð þeirra til viðræðna sem allra fyrst.

2. Umsagnarbeiðni - Notkun ásætuvarna í Patreks- og Tálknafirði - 2201034

Erindi frá Skipulagsstofnun dags. 20.01.2022 þar sem í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er óskað eftir umsögn Tálknafjarðarhrepps vegna tilkynningar Arctic Sea Farm

vegna ásætuvarna í Patreks- og Tálknafirði.

Sveitarstjórn vísar í svar sveitarfélagsins dags. 22.07.2020 við samskonar erindi vegna starfsemi Arctic Sea Farm og telur að þau sjónarmið sem þar koma fram eigi enn við. Þar er áhyggjum lýst af því að nota eigi mengandi efni eins og kopar í kvíum inni á Tálknafirði, athygli vakin á að tíðni vöktunar þurfi að vera fullnægjandi og að erfitt sé að sjá að notkun koparlitaðra nóta hafi ekki umhverfisleg áhrif á lífríki fjarðarins. Óljóst er hvort og hvernig notkunin muni hafa áhrif á nærliggjandi lífríki og með hvaða hætti verður fylgst með því. Þá telur sveitarstjórn mikilvægt að sá hvíldartími eldissvæða sem kemur fram í starfsleyfum sé virtur og að Umhverfisstofnun fylgi því eftir.

3. Húsnæðissjálfsveigarstofnun sveitarfélaga á landsbyggð - 2202092

Fundargerð frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Húsnæðismannvirkjastofnun frá umræðufundi sem fór fram 26.01.2022 um stofnun húsnæðissjálfsveigarstofnunar sem þjóni sveitarfélögum á landsbyggð. Jafnframt er lagður fram tölvupóstur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 01.02.2022 þar sem kemur fram að stefnt sé að stofnfundi húsnæðisstofnunar sem starfi í framangreindum tilgangi fari fram 15.02.2022.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Tálknafjarðarhreppur taki þátt í stofnun húsnæðissjálfsveignastofnunnar sem þjóni sveitarfélögum á landsbyggðinni og felur sveitarstjóra að fara með umboð sveitarfélagsins í málinu.

4. Styrkbeiðni - 2202121

Styrkbeiðni frá Cycling Westfjords vegna kortagerðar.

Lagt fram og vísað til afgreiðslu hjá sveitarstjóra.

5. Fræðslu-,menningar-,íþróttar-, æskulýðsnefnd - 45 - 2201003F

Fundargerð 45. fundar Fræðslu-, menningar-, íþróttar- og æskulýðsnefndar sem fór fram 25.01.2022.

Fundargerðin er staðfest.

Sveitarstjórn tekur undir þakkir skólastjóra og Fræðslu-, menningar-, íþróttar- og æskulýðsnefndar til starfsfólks Tálknafjarðarskóla fyrir að leysa mál og vinna vel saman í fjarveru skólastjóra vegna veikinda í desember á síðasta ári.

- 5.1 2201049 - Skólastefna innleiðing
- 5.2 2201050 - Leikskóli skólaárið 2022-2023
- 5.3 2108095 - Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2021- 2022
- 5.4 2111276 - Skýrsla Vinnueftirlitsins Tálknafjarðarskóli
- 5.5 2109003 - Innleiðing laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna
- 5.6 2111250 - Ályktun bæjarráðs Árborgar um leikskólamál
- 5.7 2201048 - Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðva á Vestfjörðum
- 5.8 2103144 - Vinnuskóli 2021
- 5.9 2201018 - Samstarf vegna hjólaferða hringinn um Vestfirði
- 5.10 2112050 - Gjaldskrá Tálknafjarðarskóla 2022

6. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd - 57 - 2111003F

Fundargerð 57. fundar Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar sem fór fram 01.02.2022.

Fundargerðin er staðfest.

- 6.1 2111320 - Miðtún 23, stækkun glugga
- 6.2 2111259 - Breyting á reglugerð um gerð strandsvæðaskipulags
- 6.3 2110113 - Úttekt á starfsemi slökkviliðs
- 6.4 2111325 - Umsókn um byggingarleyfi, stækkun á þjónustuhúsi
- 6.5 2112050 - Gjaldskrá 2022 hjá Tálknafjarðarhrepp
- 6.6 2101553 - Miðtún 3, umsókn um stækkun og sameiningu íbúða grendarkynning
- 6.7 2201079 - Strandgata 45, utanhússklæðning

7. Umdæmisráð barnaverndar - 2202106

Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 01.02.2022 varðandi umdæmisráð barnaverndar.

Lagt fram.

8. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2022 - 2201021

Minnisblað sveitarstjóra um stöðu verkefna lagt fram.

Lagt fram.

9. Fundargerðir Velferðarráðs - 2006296

Fundargerðir funda velferðarráðs Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps nr. 32 sem fór fram 05.10.2020, nr. 33 sem fór fram 29.10.2020, nr. 34 sem fór fram 11.11.2020, nr. 35 sem fór fram 18.01.2021, nr. 36 sem fór fram 29.04.2021, nr. 37. sem fór fram 13.19.2021, nr. 38 sem fór 18.10.2021 og nr. 39 sem fór fram 19.01.2022.

Lagt fram.

10. Fundargerðir samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 2202128

Fundargerð 63. fundar Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 02.02.2022.

Lagt fram.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps tekur heilshugar undir bókun samráðsnefndarinnar um áherslur sveitarfélaganna í samgöngumálum á sunnanverðum Vestfjörðum og endurskoðun samgönguáætlunar sem er eftirfarandi:

Á sama tíma og Vestfirðir eru auglýstir sem einn af eftirsóknarverðustu áfangastöðum heimsins sumarið 2022, þá eru samgönguinviðir á sunnanverðum Vestfjörðum ónýtir og að helstu náttúruperlum Vestfjarða, eins og Látrabjargi og Rauðasandi, liggja úr sér gengnir malarvegir. Samráðsnefnd leggur áherslu á að við endurskoðun samgönguáætlunar verði samgönguinviðir á sunnanverðum Vestfjörðum bættir en

svæðið hefur setið á hakanum um áratugaskeið þegar kemur að vegaframkvæmdum. Þrátt fyrir að framlög til vegaframkvæmda á Vestfjörðum í heild sinni hafi aukist þá hafa sunnanverðir Vestfirðir setið eftir og með þeim miklu umsvifum sem nú hafa orðið í atvinnulífi á svæðinu og mikilli fjölgun íbúa eru margir vegkaflar á svæðinu óboðlegir allt árið um kring, m.a. vegna viðhaldsskorts og skorti á framlögum til vetrarþjónustu. Sem dæmi um þá alvarlegu stöðu sem nú er á samgönguinnviðum á sunnanverðum Vestfjörðum þá er vegurinn um Mikladal ónýtur, vegurinn siginn og vegaxlir illa farnar.

Þá hafa síðustu 3 mánuði orðið fjórar bílveltur á veginum um Mikladal, en vegakaflinn er fjölfarnasti fjallvegur á Vestfjörðum. Mikilvægt er því að tryggja viðunandi framlög til viðhalds og þjónustu ásamt því að framlag verði veitt til að hefja án tafar rannsóknir og undirbúning vegna jarðgangagerðar undir Mikladal og Hálfðán.

Einnig verði í samgönguáætlun mælt fyrir um verulega aukin framlög til Vegagerðarinnar til að sinna nauðsynlegri vetrarþjónustu og lengja þjónustutíma til að bregðast við aukinni umferð m.a. þungaflutninga sem og að tryggja vetrarþjónustua á þeim leiðum sem framkvæmdir standa nú yfir á, s.s. á Dynjandisheiði. Þá verði gert ráð fyrir framlagi til endurnýjunar ferjunnar Baldurs sem siglir um Breiðafjörð og þar með tryggt öryggi farþega sem og greiðar samgöngur frá og til sunnanverðra Vestfjarða allt árið um kring.

Þá verði framkvæmdum m.a. við Bildudalsveg af Dynjandisheiði og ofan í Arnarfjörð flýtt og þar tryggð vetrarþjónusta. Einnig verði veitt framlag í að bæta vegkafla frá Bildudalsflugvelli og að þorpinu á Bildudal, en vegurinn er ónýtur, vegaxlir illa farnar og vegurinn einbreiður. Þá verði áfram hugað að viðhaldi Bildudalsflugvallar og veitt framlag til að bæta aðflug m.a. í myrkri vegna sjúkraflegs.

Samráðsnefnd leggur einnig áherslu á að tryggð verði framlög í hafnarbótasjóð til að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum við hafnarmannvirki sveitarfélaganna, m.a. til að bregðast við aukinni atvinnustarfsemi í höfnum sveitarfélaganna tveggja sem tilkomin eru vegna aukinna umsvifa í fiskeldi og tengdum atvinnugreinum.

11. Fundargerð stjórnar Fasteignafélagsins 101 Tálknafjörður ehf. - 2201026

Fundargerð stjórnarfundur Fasteignafélagsins 101 Tálknafjörður ehf sem fór fram 13.01.2022.

Lagt fram.

12. Fundargerðir 2020 Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) - 2004669

Fundargerðir stjórnarfunda Náttúrustofu Vestfjarða nr. 130 sem fór fram 18.09.2020 og nr. 131 sem fór fram 15.12.2020.

Lagt fram.

13. Fundargerðir 2021 Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) - 2202133

Fundargerðir stjórnarfunda Náttúrustofu Vestfjarða nr. 132 sem fór fram 29.03.2021, nr. 133 sem fór fram 19.05.2021 og nr. 134 sem fór fram 02.12.2021.

Lagt fram.

14. Fundargerðir 2022 Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) - 2202125

Fundargerðir stjórnarfundar Náttúrustofu Vestfjarða nr. 135 sem fór fram 01.02.2022.

Lagt fram.

15. Hvetjandi hf., fundargerð aðalfundar. - 2201008

Fundargerð aðalfundar Hvetjanda hf. sem fór fram 17.01.2022.

Lagt fram.

16. Fundargerðir Vestfjarðarstofu 2021 - 2102683

Fundargerðir stjórnarfundu Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðing nr. 37 sem fór fram 26.05.2021, nr. 38 sem fór fram 11.08.2021, nr. 39 sem fór fram 22.09.2021, nr. 40. sem fór fram 17.11.2021, nr. 41 sem fór fram 08.12.2021 og nr. 42 sem fór fram 22.12.2021.

Lagt fram.

17. Fundargerðir Vestfjarðarstofu 2022 - 2202100

Fundargerð 43. fundar stjórnar Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga sem fór fram 26.01.2022 ásamt starfsáætlun Vestfjarðastofu fyrir árið 2022.

Lagt fram.

18. Fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2201031

Fundargerð 905. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 14.01.2022.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:00.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG)

Guðni Ólafsson (GÓ)

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (ÍÓÞ)

Björgvin Smári Haraldsson (BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)